

# Fulltrúar frá Landsmálalþingi Finnlands-svíá í heimsókn

FULLTRÚAR frá Landsmálalþingi Finnlandssvíá verða í heimsókn í Reykjavík dagana 23.-27. ágúst.

Gestirnir eru Jan Rosquist og Ralf Nordgren varafoar þingsins, Christian Brandt ritari og Dag Lindber varatitari. Jan Rosquist starfar hjá heilbrigðisstofnunni Fölkheilsan, Ralf Nordgren er rit-höfundur og lektor, Christian Brandt er þingmaður og skrifstofustjóri þingsins og Dag Lindberg starfar aðallega að byggða- og menntamálum auk málefna er varða norræna samvinnu.

Með heimsókninni vilja fulltrúarnir stuðla að betri kynnum og samskiptum við Íslendinga og kynna málefni og stöðu Finnlandssvíá. Þeir munu hitta Guðrúnu Helgadóttur forseta sameinaðs Alþingis að máli og heimsækja menntamálaráðuneytið.

Sunnudaginn 26. ágúst klukkan 16 verður dagskrá í Norræna hús-

inu, þar sem fluttir verða stuttir fyrirlestrar um málefni Finnlandssvíá. Jan Rosquist, talar um störf og verkefni landsmálalþingsins og Chr. Brandt segir frá ýmsum staðreyndum varðandi Finnlandssvíá.

Auk þess flytur Ralf Nordgren frumsamin ljód og ljód eftir aðra höfunda. Tónlist verður flutt af snældu og myndband sýnt.

Landsmálalþingið hefur starfað frá 1919 og gætir hagsmuna sænskumælandi íbúa Finnlands, en þeir eru um þriðjungur þúsund (6% af íbúafjölda Finnlands). Þingið kemur saman árlega. Þingmenn eru 75 frá sex stjórnmálaflokkum. Stærsti flokkurinn er Sænski þjóðarflokkurinn, en Sænski sósíaldemókrataflokkurinn fylgir fast á eftir.

Allir eru velkomnir að koma í Norræna húsið og kynna málefni Finnlandssvíá.

(Fréttatilkynning)



Morgunblaðið/KGA

Á Kjarvalsstöðum í gær. Frá vinstri: Kristján Davíðsson, Jóhannes Jóhannesson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Steinþór Sigurðsson og Hafsteinn Austmann.

## Kjarvalsstaðir:

# Yfirlitssýning September/Septemhópanna

## Starfseminni mun ljúka með sýningunni

SEPTEMBERHÓPURNIN opnar yfirlitssýningu á verkum Septemberhópsins 1947 til 1952 og Septemhópsins 1974 til 1990 næstkomandi laugardag klukkan 16.00. Á sýningunni, sem stendur yfir til 9. september, eru verk eftir Ásmund Sveinsson, Nínu Tryggvadóttur, Sigurjón Ólafsson, Gunnlaug Scheving og fleiri meðlimi September og Septem hópanna.

Septemberhópurinn var upphaflega stofnaður af Jóhannesi Jóhannessyni, Kjartani Guðjónssyni, Kristjáni Davíðssyni, Valtý Péturssyni, Þorvaldi Skúlasyni, Sigurjóni Ólafssyni, Nínu Tryggvadóttur, Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugi Scheving árið 1947. Auk þeirra sýndi Tove Ólafsson, eiginkona Sigurjóns, með hópunum.

Stofnun Septemberhópsins hefur verið talin ein afleiðing þeirra andstæðna sem komnar voru upp í íslenskri myndlist milli þeirra sem gerðu þá kröfu að listin skyldi gera mynd af veruleikanum


samkvæmt klassískri hefð um rökréttu heild milli tíma, myndrýmis og allra einstakra þátta myndefnisins og þeirrar skoðunar, sem var öðru fremur grundvöllur hópsins, að listamaðurinn ætti að skapa nýjan veruleika sem notið yrði á eigin forsendum og hefði sín sérstöku lögmál. Ef frá eru talin árin 1949 og 1950 hélt Septemberhópurinn sýningar á hverju ári. Ekki tóku þó allir meðlimir hópsins þátt í öllum sýningum en með árunum bættust fleiri í hópin.

Septemberhópurinn starfaði til ársins 1952 en árið 1974, eftir

að deilur um það hvort listin ætti að vera mynd af veruleikanum, voru hjaðnaðar stofnuðu nokkrir félagar úr hópunum Septemhópin svokallaða sem starfað hefur allt til þessa dags.

Steinþór Sigurðsson, einn úr Septemhópunum, sagði í samtali við Morgunblaðið að hópurinn, sem upphaflega samanstóð af sjö listamönnum, væri orðinn fálíðaður og ákveðið hefði verið að ljúka starfseminni með stórri yfirlitssýningu í báðum söllum Kjarvalsstaða. Í Austursalnum eru verk Septemberhópsins til sýnis en í Vestursalnum verk Septemhópsins.

Á sýningunni, sem ber yfirskriftina September/Septem, eru verk sextán myndlistarmanna, bæði málverk og skúlptúrar.



Morgunblaðið/Jón Karl Snorrason

Bærinn Jörfi í Viðidal. Fjósið og hlaðan sem kviknaði í eru lengst til hægri á myndinni.

## Jörfi í Viðidal:

# Hlaða og fjós brunnu

ELDUR kom upp í hlöðu og sambyggðu fjósi á bænum Jörfa í Viðidal í Vestur-Húnavatnssýslu í fyrrinótt. Hlaðan er nær ónýtt eftir brunna og hey bóndans farið forgörðum. Fjósið stendur uppi, en skemmdist talsvert.

Tilkynnt var um eldinn um klukkan tvö um nóttina og fóru slökkvilið Hvammstanga og Blönduóss á staðinn. Slökkvistarf gekk nokkuð vel, en hlöðunni varð ekki bjargað. Hún var steypt í hálfu hæð, en efri hlutinn var járnklædd timburgrind og brann algerlega, auk þess sem heyið eyðilagðist.

Fjósþakið skemmdist mikið í eldinum og einnig innréttingar í fjósinu. Kýr voru úti, en nokkrum kálfar í húsi. Þeim var bjargað heilum á húfi.

Talið er að kviknað hafi í vegna hita í heyi. Ábúendur eru ekki alveg

heylausir þótt hlaðan hafi brunnið, þar sem talsvert hafði verið heyjað í rúllur, sem voru utan dyra. Byggingarnar voru tryggðar, en ekki hefur verið metið hversu mikið tjónið er.

# Stærsta rall ársins í hættu vegna lítills yfirvinnukvóta lögreglu

SÝSLUMENNIRNIR í Gullbringusýslu og Árnassýslu hafa hafnað beiðni Bifreiðasíróttaklúbbs Reykjavíkur, BÍKR, um leyfi til að halda Kuhma-rallkeppnina í umdæmunum dagana 29. ágúst til 2. september næstkomandi. Ástæðan er að yfirvinnukvóti lögreglunnar í umdæmunum er svo lítill að hann dugi ekki til að halda uppi venjubundinni löggæslu, hvað þá löggæslu við rallkeppni nema til komi sérstök heimild frá dómsmálaráðuneytinu um aukna yfirvinnu.

BÍKR hefur staðið reglulega fyrir rallkeppnum hér á landi undanfarnin 15 ár og að sögn Birgis Bragasonar, formanns BÍKR, hefur klúbburinn jafnan greitt lögreglunni fyrir löggæslu við slíkar keppnir. Birgir sagði að sér skildist að fyrir tveimur árum hefði verið gerð sú breyting að greiðslur einstaklinga og félagasamtaka til lögreglunnar fyrir löggæslu við dansleiki, íþróttakeppnir og annað slíkt, renni beint í ríkissjóð en ekki til þess embættis sem innti störfin af hendi eins og áður hefði

verið. Unnin yfirvinna hafi síðan verið dregin af yfirvinnukvóta viðkomandi embættis.

Birgir sagði að fulltrúi sýslumanns í Gullbringusýslu hefði staðfest það í samtali við sig að sýslumannsembættin í Gullbringu- og Árnassýslu væru með þessari synjun að tefla BÍKR fram til að knýja fram þá leiðréttingu við dómsmálaráðuneytið að greiðslur frá einstaklingum og félagasamtökum fyrir löggæslu rynni beint til viðkomandi lögregluembættis og þau störf ekki dregin frá yfir-

vinnukvóta þeirra.

„Þetta var nú ekkert til að hafa eftir mér og ég get náttúrulega ekki gengist við því að hafa sagt þetta,“ sagði Ásgeir Eiríksson, fulltrúi sýslumanns í Gullbringusýslu, þegar þetta var borið undir hann.

Hann sagði jafnframt að það væri ekki rétt að fyrirkomulaginu hefði verið breytt fyrir tveimur árum heldur snerist málið um það að aukavinnukvótinn væri minni núna.

Birgir sagði að greiðslur BÍKR fyrir löggæslustörf vegna rallkeppni hefðu numið 156.756 kr. árið 1988 og 218 þúsund kr. í fyrra. Birgir sagði vafa leika á því hvort BÍKR væri skaðabótaskyldur gagnvart erlendum rallökumönnum sem hafa skráð sig til keppinnar. Fjórar erlendar áhafnir, tvær frá Bretlandi og

tvær frá Frakklandi, 10-15 manns, hafa skráð sig í rallkeppnina og eru á leið til landsins. „Hins vegar munum við gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir að þeir bíði fjárhagslegt tjón af þessu. Við erum aðilar að alþjóðasamtökum og viljum ekki að verða fyrir álitshnekkni á erlendum vettvangi vegna vitleysu hérna heima. Það eru lög í þessu landi sem heimila að haldnar séu akstursíþróttakeppnir og dómsmálaráðherra gaf út reglugerð sem tók gildi 12. júlí sl. um hvernig framkvæma skuli slíkar keppnir. Framkvæmdavaldið er að stöðva það sem lögin leyfa okkur að gera og það finnst mér erfiðasti bitinn að kyngja í þessu máli,“ sagði Birgir.

Forsvarsmenn BÍKR gengu í gær á fund forsætisráðherra sem kom á fundi með þeim og dómsmálaráðherra í dag.

## Eltingaleikur við ölvaðan ökumann

LÖGREGLAN stöðvaði ölvaðan ökumann með því að aka í veg fyrir bíl hans utan vegar við Ananaust í fyrrinótt. Ökumáðurinn hafði vakið athygli lögreglu er hann ók bíl sínum á öflugri akrein á Nóatúni.

Eltingaleikur lögreglu og þess ölvaða barst um Laugaveg, Skúlagötu, Tryggvagötu og Mýrargötu. Er ökuþórin kom að mótum Mýrargötu og Ananausta náði hann ekki beygjunni og ók út af. Lögreglumenn óku þá í veg fyrir hann og skulu bílarnir saman, en hvorki urðu meisl á mönnum né miklar skemmdir á bifreiðunum.